

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar vegna skógræktar, efnistöku og annarra breytinga.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. febrúar 2021 breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. apríl 2020.

Í breytingunni felst að skilgreint er efnistökusvæði að Tréstöðum/Hlöðum og skógræktarsvæði í landi Engjamýrar, Geirhildargarða og Grjótgarða, ákvæðum um efnistöku í Hörgá er breytt og reiðleiðir eru færðar á tveimur svæðum. Skilgreind er stofnlögn fráveitu frá Lónsbakka að sveitarfélagasmörkum við Akureyri.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 5. febrúar 2021.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2021